

Formannafundur haldinn í Vindási 5. júní 2018 kl. 20.00 í umsjón Frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar.

1. Fundur settur og formenn félaga kynni sig og sitt bras.

Sambandsstjóri María Júlía Jónsdóttir setur fund og felur Sigurði framkvæmdastjóra að stýra fundi.

Sigurður kynni dagskrána og þar er fyrst til að taka að fundargestir kynni sig félag sitt og helstu verkefni um þessar mundir.

Mættir voru fulltrúar frá 11 félögum og satt að segja er margt að gerast.

Margir voru alveg nýjir í félagsstjórnnum og því dálítið að finna upp hjólið en töldu það gagnast þegar fram í sækni og allir að gera sitt besta.

Framundan er sumarið með öllum sínum íþróttæfingum, keppnum, leikjum á sléttu túni, útreiðum, ruslatínslu og samveru.

Sumir eru að lagfæra eignir sínar og koma þeim í útleigu, einhverjir fundu skóg sem Borgarbyggð á en sinnir ekki og laga þar til. Hestamenn hamast við að sætta 500 félagi á að verða glaðir og sáttir í einu félagi og telja það vera að takast. Mótorsportið liggur á bæn um að fá svæði fyrir íþrótt sína og vonandi verða þeir bænheyrðir.

Golfararnir eru að skriða út og vona að allt sé að verða þurrt og gott, á meðan þeir doka semja þeir við hótél Hamar um aðstöðu og veitingar.

Sigga Dóra tómstundafulltrúi óskar eftir að öll félögin sendi til þeirra Sigga æfingatöflur og viðburðaskrár.

Dansinn er allur að koma til eftir lögð og stefnir í líflegt ár þar svo allir geti dansað.

Agnes veltir fyrir sér hvernig ný persónuverndarlög horfi við íþróttahreyfingunni.

Við höfum verið aðeins andvaralaus en setjum þetta á dagskrá formannafundar í haust og þá jafnvel með kynningu frá einhverjum sem veit allt um þetta mál.

Framkvæmdastjóri sagði aðeins frá umræðupartíi sem var í Logalandi með krökkum úr elstu bekkjum Grunnskólanna í Borgarbyggð.

Einnig tæpti hann á nýliðinni hreyfiviku.

2. Sýnum karakter. - fyrirlestur.

Sabína Halldórsdóttir kom og kynnti verkefnið Sýnum karakter sem er átaksverkefni um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni. Þetta verkefni hentar vel í þjálfun barna sem og í skólum og hvar sem er .

Þetta er hægt að skoða á síðunni **synumkarakter.is**

Spurning kom um hvernig við náum til erlendra þjálfara með þetta verkefni.

Ekkert er til á erlendum túngumálum fyrir þessa þjálfara en hægt að kynna þetta ef félögin tækju sameiginlega starfsdaga og færu m.a. í þetta verkefni.

Kannske þyrftum við að byrja á að taka stjórnir allra félaganna í þessa vegferð.

3. Hvernig náum við best til félaga okkar ?

Sigurður kynnir þetta og hvetur félögin til að vera dugleg að senda til UMSB netföng allra nýrra stjórnarféлага og þau netföng sem þeir nota mest.

Sama gildir um þá sem hætta í stjórnnum endilega segið frá því svo hægt sé að taka þá út af netfangalistanum.

Sigurður spyr hvort áhugi sé á lokuðum fésbókarhóp fyrir formenn og e.t.v. alla stjórnarmenn. Þetta talið hafa verið rætt áður og áhugi er fyrir að allar stjórnirnar séu þar. **Sigurður ætlar að drífa í þessu.**

Það er alltaf hvatning að fá fréttir og myndir inn á heimasíðuna hjá UMSB og allir hvattir til að senda ef eitthvað er um að vera, hvort sem það er íþróttamót eða bátakeppni.

4. Hugmynd að íþróttadegi í haust.

Sigurður kynnir hugmynd að allsherjar kynningardegi á öllum þeim íþróttum sem stundaðar eru í Borgarbyggð. Hugmynd kom fram um að Reiðhöllin væri kannske nógu stór til að allt kæmist að.

Félögin kæmu með æfingatöflurnar sínar og sýndu og kynntu hvað þau væru að gera. E.t.v. þyrftu þau að kynna líka hvað þau bjóða af endurgjaldslausum kynningartímum.

Mjög mikilvægt er að fólk geti prufað sjálft. Við viljum gjarnan vinna þetta áfram og höfum þetta í lok ágúst um leið og skólarnir byrja en áður en börnin skrá sig í tímana. Gaman að kynna líka sýnum karakter.

Síðasta vikan í sumarfjörinu er líka kynningarvika á allskonar íþróttum.

5. Önnur mál.

Kvörtun kom um að tómsundarútan gengi bara í aðra áttina þe. bara í Borgarnes sem er væntanlega jafn langt og aftur til baka.

Við þurfum að vinna langtum betur saman svo krakkar geti verið í liði og þá þarf að gæta jafnræðis.

Nauðsynlegt að fá íþróttafélögin að einu borði til að tala saman um hvernig hægt er að vinna að sameiginlegum markmiðum svo allir geti verið með.

* Spurning hvernig gengur að innheimta í Nora ? Fótboltinn er í basli. Reykdælum og Frjálsíþróttafélaginu gengur vel en sá hængur er á að frístundastyrkur fellur ekki þarna inn.

Áhugi var á að fá leiðbeiningar um færslur í Nóra - nóradag.

Fleira ekki tekið fyrir.

Mættir á formannafund 5. júní 2018

Anna Dís Þórarinsdóttir.	UMSB
Sigríður G. Bjarnadóttir.	UMSB og Badmintondeild Skallagríms
Ingibjörg Reynisdóttir.	UMF. 'Islendingur
Sigurður H. Sigurðsson	UMF. Dagrenning.
Kristín H. Kristjánsdóttir.	Sunddeild Skallagríms
Sigurþór Ágústsson	Hestamannafél. Borgfirðingur
Sigurjón Helgason	UMF. Björn Hítðælakappi
Unnur Jónsdóttir	Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar.
Sigga Dóra	UMSB
Ingvi Árnason	Golfklúbbur Borgarness
Agnes Guðmundsdóttir	UMF. Stafholtstungna
Guðrún Þórðardóttir	UMSB og Dansíþróttafélag Borgarfjarðar.
Þórhildur M. Kristinsdóttir	UMF. Reykdæla
Helga Jónsdóttir	UMF. Reykdæla
Sigurður M. Sigurðsson	Mótorsportfélag Borgarfjarðar
María Júlía Jónsdóttir	UMSB
Kristín Gunnarsdóttir	UMSB
Sigurður Guðmundsson	UMSB